



Skrifstofa borgarstjórnar

25. nóvember 2018

Efni: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um verndun Laugardalsins – R18100364

Vísað er til erindis skrifstofu borgarstjórnar, frá 5. nóvember sl. varðandi neðangreinda tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins á fundi borgarráðs 25. október sl.: „Borgarráð samþykkir breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur þess efnis að blokkarbyggð í Laugardal verði ekki heimiluð í þeirri viðleitni að vernda Laugardalinn.“

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs:

Í eldri aðalskipulagsáætlunum borgarinnar hefur að jafnaði verið ákveðnar heimildir um uppbyggingu meðfram norðanverðri Suðurlandsbraut, þar sem gert var ráð fyrir blöndu stofnana og opinna svæða. Með samþykkt gildandi aðalskipulags (AR2010-2030) árið 2014, voru dregin upp ákveðnari mörk landnotkunar og sett skarpari skil milli svæða sem eiga að vera opin og græn og svæða þar sem mögulegt er að byggja á. Í samræmi við þetta voru dregin upp mörk miðsvæðis (M2g) á mjórri ræmi norðan Suðurlandsbrautar. Skýrt kemur fram í aðalskipulaginu að grundvallarforsenda uppbyggingar á umræddu byggingarsvæði (M2g), er að Suðurlandsbraut verði endurhönnuð, gatan og helgunarsvæðið verði betur nýtt og fyrirkomulag bílastæða sunnan götunnar, sem eru að hluta á borgarlandi, verði endurskipulagt. Í samræmi við þetta var undirstrikað í bindandi skilgreiningu fyrir svæðið í aðalskipulaginu, að ekki yrði gengið á græn útvistar- og íþróttasvæði Laugardals: “Á svæði M2g er gert ráð fyrir blöndu verslunar, þjónustu, skrifstofa og íbúða. Lágrest byggð (2-4 hæðir) sem fellur að götummynd Suðurlandsbrautar og með opnum sjónásum til dalsins. **Mögulegt byggingarsvæði er háð því að Suðurlandsbraut verði endurhönnuð og skal miða við að ekki verði gengið á græn útvistar- og íþróttasvæði í Laugardalnum.**” (bls. 208). Rétt er einnig að minna á að í aðalskipulagi eru aðeins settar fram almennar heimildir um landnotkun og uppbyggingu en frekari mótun byggðar og endanleg ákvörðun um umfang hennar fer fram við gerð deiliskipulags.

Fyrir dyrum standa breytingar á aðalskipulagi vegna væntanlegrar Borgarlínu og byggingarheimilda meðfram henni og þá þarf meðal annars að huga að endurhönnun Suðurlandsbrautar. Í samhengi við þá vinnu er eðlilegt að skoða nánar útfærslu mögulegrar byggðar á umræddu svæði og endurmeta, eftir atvikum, umfang hennar á grundvelli þeirra forsenda sem gefnar eru í gildandi aðalskipulagi.

Haraldur Sigurðsson